

**Nd. 223. Frumvarp til laga [146. mál]**

um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

**1. gr.**

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán er Akureyrarbær tekur að fjárhæð allt að 4 800 m.kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á hitaveituframkvæmdum. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana og vaxta og annars kostnaðar.

**2. gr.**

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast allt að 230 m.kr. lán fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna á árinu 1978. Heimild þessi komi til viðbótar ábyrgðarheimild í lið LXXV í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1978.

**3. gr.**

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978 er nemi allt að 4 000 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er flutt til að afla nauðsynlegra heimilda til lántöku vegna ársins 1978 vegna breytinga er gerðar hafa verið á lánsfjáráætlun. Í frumvarpinu er einnig leitað heimildar til að veita ábyrgð á erlendri lántöku vegna framkvæmda við Hitaveitu Akureyrar.

**Um 1. gr.**

Framkvæmdir við Hitaveitu Akureyrar hófust 1977 og standa enn yfir. Framkvæmdir hafa orðið mun meiri á yfirstandandi ári en talið var að yrði þegar láns-